



## Umhverfisstefna Garðasels

### Markmið

- ❑ að börn og starfsfólk læri að umgangast umhverfið og náttúruna af virðingu
- ❑ að börn og starfsfólk flokki pappír, plast og annan efnivið sem fer í endurvinnslu
- ❑ að börn og starfsfólk sameinist um að minnka vatns – og orkunotkun í leikskólanum
- ❑ að skapa börnum og starfsfólki jákvæðar og uppbyggjandi vinnuaðstæður

### Leiðir:

- ❑ **Ferðir út í náttúruna / skoða og skynja /fylgjast með breytingum.**  
Stytttri og lengri vettvangsferðir ,s.s. lambaferð að Bjarteyjarsandi, útskriftarferð í Skorradal, gönguferðir um umhverfi Akraness. Útikennsla á sumrin ( skógrækt, Langisandur). Ræktun, s.s kartöflur, blóm og grænmeti
- ❑ **Endurnýting**  
Endurnýta pappír og annað endurnýtanlegt efni í umhverfinu. Hvetja börn og starfsfólk til að koma með að heiman það sem hægt er að nota aftur
- ❑ **Söfnun lífræns úrgangs**
- ❑ Öllum lífrænum úrgangi ( nema kjöti og fisk) er safnað saman í eldhúsi og fer úrgangurinn í sérstaka tunnu frá TERRA sem sér um að losa hana reglulega. Úrganginn nýtir TERRA til moltugerðar.
- ❑ **Flokkun efniviðs til endurvinnslu**  
Í skólanum er pappír, plast og annar efniviður flokkaður og komið í endurvinnslu
- ❑ **Pappírshotkun**  
Vera meðvitaðar um að fara vel með pappírinn. Kenna börnunum að nýta pappírinn vel. Draga úr notkun pappírshandþurrkna með því að nota handklæði samhliða þeim.
- ❑ **Hreinsunardagar**  
25. apríl er Dagur umhverfisins og þá hreinsa börn og starfsfólk nánasta umhverfi sitt í leikskólanum. Ef þennan dag ber upp á frídag skal finna annan dag sem næst honum.. Virkja börnin oftár í að hreinsa leikskólalóðina og næsta umhverfi hennar.
- ❑ **Flokka og skila spilliefnum á viðeigandi staði**  
Rafhlöðum safnað saman og skilað í þar til gerðar tunnur, t.d. á bensinstöðvum
- ❑ **Velja umhverfisvottaðar vörur eins oft og kostur er**  
Á við um allar hreinlætisvörur,t.d. sápur, hreinsiefni, pappír ofl.
- ❑ **Minnka orku- og vatnsnotkun í leikskólanum**  
Slökkva ljós í mannlausum rýmum. Setja merkingar fyrir ofan slökkvara til að minna börn og starfsfólk á að slökkva. Festa stillingar á ofnum.
- ❑ **Umferðavikur að vori og hausti**  
Til að auka öryggi barna í umferðinni eru tvær umferðarvikur í leikskólanum til að æfa börnin í umferðarreglum og fræða þau um öryggi í umhverfinu

*Segðu mér það, ég gleymi því.  
Sýndu mér það, ég man það.  
Leyfðu mér að fást við það, þá skil ég það.*